



REGLUGERÐ

Um laganefnd

1. gr.

Laganefnd ÍHÍ skal skipuð þrem aðilum. Stjórn ÍHÍ tilnefnir í nefndina.

2. gr.

Tilnefningum skal vera lokið eigi síðar en 4 vikum fyrir Íshokkíþing.

3. gr.

Hlutverk laganefndar er að endurskoða lög og reglugerðir ÍHÍ til samræmingar og leiðréttingar og semja tillögur til laga- og reglugerðarbreytinga. Hafa skal hliðsjón af lögum og reglum ÍSÍ og alþjóðareglum IIHF, við alla endurskoðun og breytingar.

4. gr.

Laganefnd skal skila álitserð og tillögum að laga- og/eða reglugerðarbreytingum til ÍHÍ til framlagningar á Íshokkíþingi, að fenginni umsögn löglærða aðila á tillögunum. Laganefnd getur, ef henni þykir ástæða og/eða brýna nauðsyn ber til, skilað áliti til ÍHÍ um einstakar afmarkaðar og augljósar villur í texta, endurtekningar eða mótsagnir og þversagnir í lögum eða einstökum reglugerðum, sem gætu orðið tilefni deilna eða mistúlkunar.

Samþykkt á Íshokkíþingi, 11. maí 2019.